



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við afhendingu Íslensku bókmenntaverðlaunanna  
Bessastöðum  
8. febrúar 2017**

Kæru rithöfundar og útgefendur,  
fræðafólk og skáld,  
góðir áheyrendur

Verið öll velkomin til þessarar gleðistundar þegar Íslensku bókmenntaverðlaunin verða afhent. Vel er við hæfi að minnst íslenskra bókmennta og tungu hér á Bessastöðum. Hér bjó um skeið sagnaritarinn Snorri Sturluson, sá sem minnti lesendur sína á gildi þess að segja satt og rétt frá. „En það er háttur skálda,“ sagði Snorri í formála Heimskringlu, „að lofa þann mest er þá eru þeir fyrir en engi mundi það gera að segja sjálfum honum þau verk hans er allir þeir er heyrðu vissu að hégómi væri og skrök og svo sjálfur hann. Það væri þá háð en eigi lof.“

Ætli við gætum ekki sett Heimskringlu í flokk fræðirita og bóka almenns efnis ef við nýttum þá skiptingu sem stuðst er við um okkar daga? Síðar hafa verið á Bessastöðum aðrir húsráðendur sem lögðu drjúgan skerf til fagurbókmennta og má þar til dæmis nefna skáldið góða, Grím Thomsen. Flokki barna- og ungmennabóka hefur líka verið sinnt: Í upphafi síðustu aldar bjó hér Theodóra Thoroddsen með Skúla sínum og börnum þeirra þrettán. Hún samdi barnapulurnar sem lengi lifðu með þjóðinni á prenti, og skemmdu þá ekki fyrir listilegar myndskreytingar Muggs, frænda hennar. Sumar þeirra þekkja leikskólakrakkar landsins ennþá (og foreldrar og forráðamenn jafnvel líka):

Fuglinn í fjörunni,  
hann heitir már,  
silkibleik er húfan hans  
og gult undir hár,  
er sá fuglinn ekki smár,

bæði digur og fótahár,  
á bakinu svartur,  
á bringunni grár,  
bröltir hann oft í snörunni,  
fuglinn í fjörunni.

Já, hér hefur íslensk tunga staðið í blóma, íslenskur skáldskapur, íslenskar bókmenntir, framlag okkar til heimsmenningarinnar, fjársjóður sem okkur hefur verið falinn, mann fram af manni. Um leið er íslenskan auðvitað samskiptamáti okkar sem búum á Íslandi nú og verður að halda þeim sessi. Í hinum nýja heimi þar sem við tölum við tæki og tól þurfum við að tryggja að þau geti skilið íslensku.

Við þurfum líka að hjálpa nýjum íbúum landsins að læra íslensku. Vart leikur vafi á að við þurfum fólk að utan til starfa hér. Í fyrra voru víst fleiri í forsetaframboði en þeir sem luku námi í múrverki; þau munu vera fleiri hótelin og veitingastaðirnir sem bætast við á ári hverju en útskrifaðir þjónar. Og hátæknigeirinn vill helst ekki virða landamæri; um það geta vitnað fjölmargir Íslendingar sem vinna á því sviði erlendis og þeir útlendingar sem hingað koma til tæknistarfa.

Örvæntum samt ekki. Við vitum hvað þarf að gera til að kenna alls kyns græjum að skilja íslensku, og aðkomufólk á Íslandi hefur löngum sýnt hvað í því býr. Á sínum tíma orti Grímur Thomsen um táp og fjör og fríska menn, og í því kvæði eru ljóðlínurnar „norðurstranda stuðlaberg / stendur enn á gömlum merg“. Um okkar daga kemur út tímaritið Stuðlaberg, helgað hefðbundinni ljóðlist. Í síðasta hefti birtist þar ferskeytla Philips Voglers, sem flutti hingað frá Texas fyrir nær fjörutíu árum, og var hún helguð bændum landsins:

Alla daga björg í bú  
af bændum landsins þiggjum.  
Þeir rækta einnig áfram trú  
að Ísland farsælt byggjum.

Fyrir nokkrum árum kom líka hingað til að læra íslensku Ana Stanićević frá Serbíu, dóttir Snežönu og Dragans, Mjallhvítar og Dreka á okkar máli. „Ég er Ana Mjallhvít Drekadóttir,“ sagði hún í pistli í Ríkisútvarpinu á þjóðhátíðardaginn fyrir þremur árum: „Ég er Ana með einu n-i. Á Íslandi er ég reyndar með löngu a-i. Íslendingar kalla mig Önu – og eins gott þeir beygi mig! Þegar þú setur nafnið mitt inn í beygingarmynstur íslenskunnar ertu að taka mig í faðm þér. Hér vil ég vera, hér á ég heima. Í samlífi eldgosa og jökla. Í spennu íssins og eldsins. Í samkeppni ljóss og myrkurs.“

Við Íslendingar erum í útlöndum. Og útlönd eru í okkur. Það er gömul saga og ný allt frá Snorra, Grími Thomsen og Theódóru Thoroddsen til Voglers frá Texas og Önu með löngu a-i.

Góðir áheyrendur! Ég býð ykkur aftur velkomin á þessa hátíð íslenskrar tungu og bókmennta. Nú heyrum við lagið Hvíl í ró sem Lay Low samdi, og textann sömuleiðis. Síðan mun Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútfendna, taka til máls.